

Starfsreglur fyrir útbreiðslunefnd KSÍ

1.gr.

Útbreiðslunefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga. Útbreiðslunefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu

3.gr.

Útbreiðslunefnd vinnur að eflingu knattspyrnunnar og útbreiðslu með það að markmiði að sem flestir fái tækifæri á að taka þátt í leik og starfi innan vébanda knattspyrnusambandsins. Útbreiðslunefnd er heimilt að skipa undirnefndir til einstakra verkefna og eftirlits.

4.gr.

Helstu verkefni útbreiðslunefndar eru eftirfarandi:

- Að móta stefnu um útbreiðslu knattspyrnunnar.
- Að auka áhuga á knattspyrnu og fjölga iðkendum.
- Að efla knattspyrnu barna- og unglunga um land allt.
- Að annast átaks- og grasrótarkerfni t.d. á einstökum landssvæðum.
- Að efla gæði starfsemi knattspyrnskóla aðildarfélaga.
- Að vinna að gerð fræðsluefnis og námskeiða fyrir grasrótarkerfni.
- Að vinna að uppbyggingu sparkvalla.
- Knattspyrnskóli og knattþrautir KSÍ.
- Að greina þátttöku barna- og unglunga í knattspyrnu m.t.t. búsetu, aldurs og kyns.
- Að aðstoða félög við að efla knattspyrnu í sínum sveitarfélögum.
- Að hvetja sveitarfélög til að sinna í auknum mæli grasrótarkerfnum.
- Að annast samstarf um grasrótarkerfni við knattspyrnusambönd, UEFA og FIFA.
- Að veita viðurkenningar fyrir vel unnin störf á sviði útbreiðslumála.

5.gr.

Útbreiðslunefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

6.gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

7.gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007 með síðari breytingum